

Ed.

218. Breytingartillaga

[112. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 62 18. maí 1967, um bann gegn veiðum með botnvörpu og flotvörpu.

Frá Karli Guðjónssyni.

Aftan við ákvæði til bráðabirgða bætist svo hljóðandi málsgrein:

Þær rýmkanir á veiðiheimildum, sem í þessum lögum felast, skulu þó aðeins ná til þeirra fiskiskipa, sem gerð eru út frá höfnum á svæðinu frá Horni að Rauðanúpi norðanlands og frá Stokksnesi að Garðskaga sunnanlands.